

Sjávarútvegsráðstefnan 2017, Hörpu, 16.-17. nóvember

Skráning og miðlun upplýsinga:

Hvað þarf að gera og hvað þarf að varast?

Dr. Kristján Þórarinsson

Stofnvistfræðingur

SFS

Upplýsingar um hvað?

- Um fiskveiðar, fyrst og fremst
 - Varúðarleidd við stjórn fiskveiða
 - Vernd og sjálfbær nýting fiskistofna
 - Vistkerfisnálgun við fiskveiðar
 - Áhrif á vistkerfi og umhverfi
 - Almennar upplýsingar úr veiðunum
 - Aflamagn
 - Veiðisvæði
 - Veiðarfæri
 - Meðafli
 - ...

Fyrir hvern?

- Hver kaupir fisk?
- Hvað vill hann fá að vita?
- Hann vill fá að vita að hlutirnir séu í lagi!

Varúðarleið við stjórn fiskveiða

- Stjórnun fiskveiða eftir varúðarleit er alvörumál. Hvað felst í varúðarleið?

Vönduð stjórn fiskveiða

- Varúðarleidd við stjórn fiskveiða
- Áhersla á endurnýjunargetu og þar með á stærð hrygningarstofns
- Nýtingarstefna stjórnvalda, hófleg sókn
- Markmið og varúðarmörk
- Fyrirfram ákveðnar aðgerðir ef stofn nálgast varúðarmörk (ekki í hita leiksins)

Samskiptarófið – skýrleiki eða skrum?

1. Upplýsingar. Upplýsinga-og kynningargrunnur með staðreyndum sem byggjast á frumgögnum á ábyrgð þeirra stjórnvalda og stofnana sem sinna stjórn fiskveiða.
2. Kynningar. Vefurinn www.fisheries.is og aðrar leiðir, beinar og óbeinar. *Vandaðar vottanir.*
3. Markaðsefni. Er af ýmsu tagi og byggist á upplýsingum víðar að í eiginlegri og óeiginlegri merkingu. Snýr að ímynd vöru og framleiðenda o.s.frv.
4. Samskipti í víðum skilningi. „Communications“. Áhersla á skynjun umfram raunveruleika. Skilaboðum af ýmsu tagi komið á framfæri til að hafa áhrif á hugsunarhátt. *Aðrar vottanir.*

Þessir liðir lúta ólíkum lögmálum. Trúverðugleiki: Staðreyndum er vikið til hliðar og skrumhætta vex þegar neðar dregur.

Hvar á þessu rófi viljið þið helst vera?

Samskiptarófið

- **Hvar á þessu rófi viljið þið helst vera?**
- Við megum ekki gefast upp fyrir því viðhorfi sem segir að upplýsingar séu úrelt þing
- Skrum ber að varast
- **Málið snýst um trúverðugleika**
- Án trúverðugs grunns eru kaupendur ekki til í dansinn. Ef við höfum ekki grunninn þá getum við ekki gert hitt!

Um hvað spyrja kaupendur?

(Ef þeir komast í feitt, þ.e.a.s.)

- Þeir spyrja um stofnstærð og horfur, aldurssamsetningu, þróun í aldurs- og stærðarsamsetningu stofns og afla og þar með afurða, þeir spyrja um hvernig veiðarnar fara fram, veiðisvæði, búsvæði, meðafla, ...
- Þeir spyrja þeirra spurninga sem skipta þá máli varðandi starfsemi þeirra til lengri tíma
- Þetta er efri hluti skalans. Neðri hluta skalans kunna þeir að mestu leiti sjálfir!

Hvað ber að varast?

- Fúsk og vanþekkingu á upplýsingastigi. Gæta ber fagmennsku, trúnaðar o.s.frv. eftir því sem við á.
- Skrum
 - (Var ég búinn að segja skrum?)
 - Vita hvað er hvað; upplýsingar eða skrum

Hver hefur burði til að sinna upplýsingaskyldu?

- Erlendir fiskkaupendur þurfa á upplýsingum að halda. Þær þurfa að vera í samhengi og fela í sér svör við þeim spurningum sem kaupendur spyrja. Nauðsynlegt er að vanda til verka við miðlun slíkra upplýsinga og tryggja að samantekt gagna byggist á kunnáttu og sérþekkingu og miði að því að veita skýr svör við helstu spurningum.
- Upplýsingamiðlunin þarf að vera á ábyrgð stjórnvalda sem bera ábyrgð á stjórn fiskveiða.
- Markaðurinn þrjónar sína flík úr þessu efni.

Takk fyrir áheyrnina!